

EFTIRLITSSKÝRSLA

KLAUSTURBLEIKJA, TEYGINGARLÆK

Dagsetning	23. nóvember 2011	Fulltrúi UST	Gísli Jónsson
Fyrirtæki	Klausturbleikja	Starfsleyfi, gildir til:	er á undanþágu
Heimilisfang	Teygingarlæk	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660290-1849	Fulltrúar fyrirtækis	Birgir Þórisson
Isat nr.		Staðsetning starfstöðvar (hnit)	
Starfsemi	Fiskeldi 90 tonn/ári		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram við eftirlit. Annarsvegar varðandi ofauðgun í læk úr setþró og hinsvegar að setþró hafi ekki verið tæmd skv. skilyrði Umhverfisstofnunar um undanþágu frá starfsleyfi.

Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir í kjölfar eftirlits.

UMFANG EFTIRLITS

Skoðun frárennslis frá fiskeldinu

Rætt um drög af nýju starfsleyfi



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Í eftirlit kom í ljós að ofauðgun hefur átt sér stað í læknum sem rennur úr setþrónni. Lækurinn var þakin rotverum sem voru glærgráar að sjá og voru á stökum stað rauðleitar. Lækur með vatni sem veitt er framhjá fiskeldisstöðinni var ekki með þessa þekju af rotverum og þar sem þessir tveir lækir runnu saman nokkrum tugum metra neðar minkaði þessi þekja verulega.

Fráviki frá gr. 3.2 í starfsleyfi, 5. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 6. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Frávik 2: Starfsleyfi stöðvarinnar rann út um síðustu áramót. Fyrirtækið fékk undanþágu frá starfsleyfi með því skilyrði að það yrði starfsrækt skv. eldra starfsleyfi auk þess sem setþró átti að tæma fyrir 1. nóvember sl. Ekki var búið að tæma setþrónnna þegar komið var í eftirlit. Búið var að gera framkvæmdir til þess að tæma hana en hætt var við vegna mikillar ösku í setþrónni sem skv. fulltrúa fyrirtækisins gæti valdið vandræðum við dælingu skítsins með haugsugu.

Frávik frá skilyrðum undanþágauUmhverfisráðuneytisins.

Önnur atriði:

Rætt var um drög af nýju starfsleyfi og þá sérstalega þætti er varðar hreinsuns frárennslis og mælingar. Bent var á kröfur um að auðvelt sé að mæla rennslis stöðvarinnar miðað við hæð vatns við útrás eða inntöku vatns og að setþró sé hönnuð þannig að auðvelt sé að tæma hana.

Reykjavík, 22/12/2012

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.